

Septemberfundurinn

Nú fer vetrarstarfið í hönd. Næsti fundur verður laugardaginn 28. september að Skipholti 37, kl. 10. (á sama stað og áður) Trausti B. Óskarsson verður við rennibekkin og sýnir hvernig rennijárnunum er beitt við hin ýmsu munstur. Er ekki að efa að margt má læra af reyndum rennismið við þetta tækifæri. Vonumst við eftir góðri þáttöku í vetur eins og raunin varð á síðastliðin vetur og félagsmenn miðli hverjir öðrum af þekkingu sinni og reynslu. Rabb yfir kaffibolla eftir sýnikennsluna. Mætið og eigum ánægjulega stund saman.

Sýningin Ráðhúsinu

Sýningin verður opnuð laugardaginn 5. október 2002 kl. 14.

Við höfum salinn til umráða frá 4. október og í þrjár vikur. Von er á gripum frá 4 erlendum rennismiðum sem hingað hafa komið og verið með fræðslu fyrir félagsmenn. Það er von okkar að vel takist til. Brýnt er að kynna þann möguleika sem fellst í gerð fallegra gripa í rennibekknunum. Ljóst er að handverk á í nokkrum erfiðleikum um þessar mundir hvað varðar sölu og því nauðsynlegt að halda vel á kynningarmálum.

Karl Helgi Gíslason s. 897 2280 er umsjónarmaður sýningarinnar.



FÉLAG TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI

Fréttabréf

3. töl. september 2002

Hjá góðu fólki



Myndin er tekin í vorferð félagsmanna í Skálholti. Sr. Bernharð Guðmundsson veitti okkur leiðsögn um staðinn. Bernharð situr fyrir miðju. Sjá nánar á innsíðu

Aðalfundurinn 2002

Aðalfundur félagsins var haldinn 23. mars s.l. Mæting var góð. Allt fór þar fram með friði og spekt að vanda og var stjórnin endurkjörin. Engar sérstakar óskir um breytingu á félagsstarfinu komu fram á fundinum og má því búast við svipuðum áherslum í starfi í vetur og verið hefur. Þ.e.a.s. mánaðarlegum fundum yfir vetrarmánuðina með fræðslu og fróðleik. Allar ábendingar um fundarefni, námskeið eða fyrirlestra eru vel þegnar. Vel er hugsanlegt að félagið hlutist til um námskeiðahald. Slíkt námskeið þarf ekki endilega að vera trérennsli. Komið með ábendingar.

Eftir aðalfundinn fengu menn sér kaffisopa og spjölluðu saman.



Það er skeggrætt um trjátegundir, lögun og form, yfirborðsmeðferð, lakk, olíur og vax. Rennibekki, rennijárn, sandpappír og svo margt fl.

Sigurður Þorvaldsson skammtar rausnarlega á diskana. Karl Helgi Gíslason tekur brosandí við góðgætinu.



Októberfundurinn

Á þennann fund eigum við vona á Doug Rognvaldson rokkasmið frá Canada sem mun segja okkur frá starfi sínu við rokkasmiði í áratugi. Doug er vesturíslendingur, faðir hans fluttist frá Skagafirði 5 ára gamall árið 1876 til Canada og byrjaði að renna rokka um 1930. Renndi hann um 300 rokka á næstu tíu árum. Hálfri öld eftir komuna til Canada byrjaði Doga að renna rokka og er enn að. Rokkarnir sem hann rennir er eftir hefðbundinni íslenski fyrirmynd. Doug fer fyrst til Akureyrar og kynnir sína aðferð við rennslið. Að lokinni heimsókninni hjá okkur heldur hann heim á leið.

Grein um Doug á ensku sem við fengum senda á netinu er birt hér í blaðinu fyrir þá sem vilja vita nánar um hans hagi



Magnað
úrval af
handverks-
vörum



Rennijárn af
mörgun stærðum og
gerðum.
Flestir fylgihlutir
fyrir rennibekkin.
Úrval erlendra
viðartegunda.



Útskurðarjárn.
Mjög fjölbreytt
úrval.

Hjá Gylfa
Hólshrauni 7,
s. 555 1212

Handverksýning í Reykjanesbæ

Nokkrir félagar tóku þátt í handverksýningu í Reykjanesbæ í vor. Komið var upp aðstöðu fyrir sýnendur í 2 leikfimisölum. Þar voru leigð út borð og engir milliveggir eða básar settir upp. Með þessu móti var svæðið opið og miklu meira lifandi en t.d. í Laugardaalshöllinni þar sem hver var lokaður inni á sínum bás. Var það mál manna að þessi aðstaða væri miklu heppilegri en básafyrirkomulagið. Sýnendur skiptu tugum víðsvegar af að landinu og var margt fallegt handverkið þar að sjá.



Gunnar við sýningarborðið, Halldór Guðmundsson og Úlfar Sveinbjörnsson í baksýn

Gunnar Guðmundsson frá Keflavík sýndi m.a. rokka, skálar og fl. smíðisgrip.

Úlfar og Reynir með sitt lítið af hverju.

Nokkuð á annan tug þúsunda gesta komu á sýninguna sem þótti takast vel.

Nokkur sala var á staðnum. Svona sýning skilar oft ekki sölu fyrr en eftirá þegar fólk hefur tækifær til að kaupa gjöf fyrir vini og kunningja.

Nokkru síðar eða á sjómannadaginn var handverksýning í Grindavík að vísu með minna sniði en góð samt. Að m.k. tveir rennismiðir sýndu þarna ásamt nokkrum tréskurðarmönnum. Til tals kom með heimamönnum að félagið kæmi með kynningarfund til Grindavíkur í vetur.

Fréttabréf FÉLAGS TRÉRENNISMIÐA Á ÍSLANDI.

Ábm. Trausti B. Óskarsson Laufási 4, 210 Garðabæ. Sími 565 6924 og Reynir Sveinsson

Faxatúni 36, 210 Garðabæ. Sími 565 8588.

Endurprentun leyfð sé heimildar getið. Uppsetning TBÓ/RS

Hrafnkell Gíslason fræddi okkur um viðarlitun eftir kaffisopann. Litun getur verið góð tilbreytin fyrir rennismiði. Gull eða silfur sem fer inn í víurnar og síðan annar litur á yfirborðið gefur viðnum skemmtilegan blæ. Hrafnkell hefur skrifað grein í fréttablaðið um litunina

Stjórnina skipa:

Reynir Sveinsson formaður

Trausti B. Óskarsson varaformaður

Sigurður Þorvaldsson gjaldkeri

Kristján K. Heiðberg ritari


Vilhjálmur Kjartansson meðstjórnandi

Varastjórn:

Guðmundur Magnússon

Jón Guðmundsson


Karl Helgi Gíslason



Til gamans

Gylfi Sigurlinnason tekur upp á ýmsu spaugilegu til að lífga upp á tilveruna.

Í verslun hans má sjá stól sem útbúinn er á haka. Hver sitjur á hakanum er svo spurningin.



Þá er hann með spjald sem hann notar undir pappír, reikninga og fl. Spjaldið er með klemmu til að halda pappírnum. Á klemmuna er festur hæll af kvennskó. Það er undir hælina lagt hvenær þessir reikningar verða greiddir segir Gylfi.




Látnir félagar


Tveir félagar okkar hafa látist á árinu.

Fyrsti og eini heiðursfélagi félagsins Finnlaugur Pétur Snorrason lést á hjúkrunarheimilinu Holtsbúð í Garðabæ þann 23. júlí s.l.

Finnlaugur var m.a. þekktur fyrir samlímnda og rennda hluti sem hann sýndi víða um land hér á árum áður. Grein um Finnlaug og myndir af nokkrum af verkum hans birtist í Hugur og Hönd á sínum tíma. Finnlaugur mætti á félagsfundum okkar fram til ársins 1998 er halla tók undan fæti og hann átti ekki heimangengt. Hann var tilnefndur fyrsti heiðursfélagi Félags Trérennismíða á Íslandi árið 1998. Við þökkum Finnlaugi fyrir samverustundir.



Gunnar Axel Davíðsson lést 13. júlí s.l. á Selfossi. Gunnar fór m.a. með okkur á Hofsós og Sauðárkrók fyrir þrem árum. Hann var forsöngvari í hópferðabífeðinni og hrókur alls fagnaðar. Við þökkum honum samverustundirnar.



Heimasíða félagsins er trerenismidi.is. Vonust við til að geta uppfært hana eftir hvern fund í vetur. Getu þeir sem ekki komast á fundina fengið nokkra punkta og myndir um það helsta sem gerðist. Látið okkur vita ef þið hafið góða hugmynd um efni á síðuna.

Museum, where Margret works.

Doug's workshop will be at Punkturinn on the famous artisan's street of Akureyri. One of his pupils will be Ingvar Engilbertsson who is very anxious to ensure that this skill lives on in Iceland. Doug will also be returning to the home ground of his ancestors when he demonstrates the wheel at the Glaumbær Museum and at the Hofsós Emigration Centre in the Skagafjörður area.

Margret announced his forthcoming visit during the four day Hrafnagil arts and craft workshop and show in August, when craftspeople gather each year to work together. Saturday Oct 19th will find him at an open house at the old Laufas farm museum where people will come to see how life was on the farm at harvest time and in the old Icelandic turf houses. They usually have about 400 people show up for this special day and Doug will have a good opportunity to meet people and to give a demonstration.

Back in Reykjavik on Saturday, October 26th, he will be the guest of the Woodturning Association of Iceland before heading home to Canada via our sponsor **ICELANDAIR**, having fulfilled his dream of taking his family's spinning wheel tradition back to Iceland. This visit is supported by the Cultural Exchange Fund of the Canada-Iceland Foundation.

If you would like to support the International Visits Program, you can make a donation to the Cultural Exchange Fund of the Canada-Iceland Foundation so that it can make grants to artists for this important work. A charitable receipt will be issued. Make out your cheque to the Canada Iceland Foundation Inc., mark it 'Re Cultural Exchange Fund' and mail it to Iris S. Torfason, 617 Shawinigan Dr. S.W. Calgary, Alberta T2Y 2Y6



Sævar Helgason Veghúsum Keflavík hefur smíðað ljósalampa úr rekavið um árabíl.

Efniviðinn hefur hann sótt á fjöru austan við Vík.

Lamparnir skreyta nú hýbýli manna víða um land og erlendis.

DOUG ROGNVALDSON TAKES HIS SPINNING WHEEL DESIGN BACK TO ICELAND!

(by Gail Einarson-McCleery, O.F.)

82 year old Doug Rognvaldson of Edmonton is about to achieve a dream trip ... to return an icon of national heritage to the home of his ancestors. The icon? A spinning wheel of the type his family has produced since 1930.

Doug's father Jon emigrated to Canada at the age of 5 from Skagafjörður along with his sister and parents in 1876. Jon began making spinning wheels in 1930 and by 1933 the T. Eaton Co. was offering them in their catalogue. Over the next ten years, Jon and his sons produced close to 300 wheels. Over half a century later, Jon's youngest son Doug got involved in making wheels and still carries on the tradition today.

The Rognvaldson spinning wheel was based on an Icelandic design. It introduced a number of new features that had not previously been seen in traditional wheels. Its upright design provides a smooth, firm spinning balance, and also allows for a unique means to hold extra bobbins on the wheel. Although the design has seen some improvements over the years, Doug continues to use the original templates and equipment in the production of each wheel in order to retain the essence of the original wheel. Over 2000 have been produced, hand-crafted from a variety of woods including oak, maple, cherry, walnut and birds-eye maple.

Last year, when national costume expert Fríður Ólafsdóttir was visiting Alberta during her tour across North America, she saw Doug's wheels, and immediately said that this was a 'national treasure' which must be re-introduced to Iceland. Now he is doing just that, thanks to the International Visits Program of the Icelandic National League of North America and of Iceland.

Doug will be demonstrating the making of his wheel during a two week workshop in Akureyri, starting October 12th. Margret Björgvinsdóttir of the Icelandic National League of Iceland has arranged for him to be hosted there by the Laufás group, which consists of artists, historians, musicians, dancers, woodworkers and others in the Akureyri area who work together to preserve old Icelandic culture – working methods, folk tales and so on. One of their aims is to support the Old Farmhouse Museum in Laufás and the Akureyri

Vestfjarðarsýningin í Perlunni

Á sýningunni var meðal annarra Valgeir Benediktsson af Ströndunum.

Sýndi hann þar rennda og útskorna hluti ásamt því að kynna Strandirnar.

Var hann þar við rennibekkin, en vegna þrengsla var erfitt að ná góðri mynd. Fjölmenni var í Perlunni sýningarhelgina. Ánægjulegt var að sjá þetta framtak Valgeirs.



Renndur drykkjarkútur

Drykkjarkúturinn á meðfylgjandi mynd fannst í Kolaportinu í sumar. Traust. B. Óskarsson rakst á hann fyrir tilviljun og kostaði hann kr. 100. Sá hann strax að um merkilegan grip er að ræða. Kútar þessir voru algengir í austur evrópu á fyrri tímum til geymslu á drykkjum og má ef til vill líkja við askinn okkar. Fyrir nokkru var grein í "Woodturner" þar sem greinarhöfundur hafði fundið síðasta "móikanan" sem var í Rúmeníu og kundi handbragið. Myndir voru birtar um vinnuferlið. Gripurinn er renndur á báða vegu að utan, önnur hliðin opnuð og rennt innan úr. Þá er rennt lok í gatið og tappi snittaður í toppinn. Verkið var unnið með þrem heimatilbúnum rennijárnu. Exi er notuð til að hreinsa út á milli lappanna.

Fyrst er stúturinn renndur á milli odda. Síðan er kútnun snúíð þvert og holaður að innan og tappinn rendur í gatið og toppinn. Munstur var síðan skoríð í viðinn og leðuról sem handfang við stútinn.



Vorferðin 2002

Vorferðin var farinn laugardaginn 27. apríl um Suðurland.

Var fyrst ekið að Garðyrkjuskólanum að Reykjum við Hveragerði. Þar tóku á móti okkur Magnús Hlynur Hreiðarsson fræðslustjóri skólans og Ólafur Oddsson fræðslustjóri Skógrækt ríkisins. Sýndu þeir okkur staðinn og sögðu frá starfseminni. Þáðum við síðan veitingar úr ríki náttúrunnar að hætti garðyrkjumanna.

Þeim Magnúsi og Sigurði eru þakkaðar góðar móttökur. Var skólanum afhent rennd skál sem Vilhjálmur Kjartansson gaf í þessu tilefni.

Sólheimar var næsti áfangastaður og snæddum við fyrst létta hádegisverð og skoðum síðan staðinn undir leiðsögn Halldórs staðarstjóra. Fyrst var rakin saga Sólheima og frumherjans Sesselju. Þá skoðuðum við hinar ýmsu vinnustofur svo sem kertagerð, leirgerð, smíðadeild, verslun og sýningar skála.

Skoðunarferðin var hin fróðlegasta og mikil breyting orðin á högum vistmanna og starfsmanna hin síðari ár. Vert er að geta þess að kaffistofan sem er í skemmtilegu glerhúsi er öllum opin. Margir gera sér ferð þangað til þess eins að eiga þar notalega stund í góðu umhverfi.

Næsti áfangastaður var Skálholt þar sem Sr. Bernharður Guðmundsson tók á móti okkur og fylgdi um staðinn. Sagði hann frá því markverðasta sem þessi sögufrægi staður hafði að geyma. Frá fornu fari til dagsins í dag. Eftir kaffiveitingar fórum við vel mett og fróðari um Skálholt en þegar við komum.

Bernharð var færð skál og kertastjaki með þakklæti fyrir góðar móttökur.


Síðasti áfangi var Selfoss. Þar heimsó-



tum við "Beru" Þuríði Gísladóttur sem kennt hefur útskurð og fönður á staðnum. Þar mátti sjá marga fallega gripi eftir "Beru" og hennar nemendur. Gaman var að koma inn á vinnustofu hennar og sjá hvað þar hefur verið unnið.

Úlfar Sveinbjörnsson skipulagði ferðina.

Þá var að síðustu ekið heim til Jóhönnu Haraldsdóttur og hennar fjölskyldu. Jóhann hefur lengst af verið köllu Jóhanna frá Haga okkar á milli. Jóhann er hagleikskona í höndum og hefur smíðað marga fallega gripi úr tré. M.a. hefur hún verið að smíða leikföng fyrir börn þ.e.s. hús, dýr vélar og verkfæri. Hlutir þessir henta vel barnaheimilum og mætti kalla þroskaleikföng. Þáðum við veitingar hjá Jóhönnu. Þökkum við henni fyrir góðar móttökur.



Tré breyta loftslagi

4 metra há trjáröð sem er 15 metrar að lengd getur haft eftirfarandi afleiðingar:

Hækkað hitastig um 5 gráður.

Blaðmassi trjánna sár og bindur um 1 tonn af ryki úr andrúmsloftinu, auk þess sem trén safna ýmsum mengandi efnum og binda kolefni.

Trjáröðin myndar 1,7 kg af súrefni á klukkustund sem er meðal súrefnisþörf 64 manna.

Á sólríkum degi gufa um 400 lítrar vatns út frá blöðum trjánna. Þetta eykur rakastig í loftinu og bætir lífsskilyrði fyrir annan gróður.

Uppspera garðávaxta, korni og grasi eykst um 13-24 prósent